



Hvað er nýtt í upplýsingalögum?

***Ráðstefna Skýrslutæknifélags Íslands
„Réttur til að vita...“ – 27. sept. 2013***

Trausti Fannar Valsson lektor við
lagadeild Háskóla Íslands.





Ný upplýsingalög

- Upplýsingalög nr. 140/2012.
 - Tóku gildi um áramótin 2012 / 2013
 - Tóku við af eldri upplýsingalögum nr. 50/1996
 - Upplýsingalögin fjalla fyrst og fremst um rétt almennings til upplýsinga frá stjórnvöldum ríkis og sveitarfélögum





Ný upplýsingalög

- Markmið að auka upplýsingarétt almennings
- Enn sömu grunnhugmyndir
 - Upplýsingarétturinn tekur mið af praktískum veruleika, t.d. um það hvernig gögn eru skráð og vistuð.
 - Ekki er allt opið. Áfram þarf að feta erfiðan veg hagsmunamats til að tryggja **einkahagsmuni**, þ.e. vernd einkalífs og viðskiptahagsmuni og **almannahagsmuni**, þ.e. öryggi borgara og ríkis.





Breyting 1

- Löggin taka nú til fyrirtækja sem eru 51% eða meira í eigu hins opinbera – 2. mgr. 2. gr.
 - Þetta þýðir m.a. auknar (skýrari) kröfur á þessi fyrirtæki, m.a. um skráningu mála og gagna.
 - Löggin taka þó almennt bara til gagna hjá þessum aðilum sem verða til eftir gildistöku nýju laganna – 3. mgr. 35. gr.





Breyting 2

- Lögin taka til gagna hjá einkaaðilum (í einkaeigu) sem tekið hafa að sér að sinna opinberum verkefnum fyrir hið opinbera – 3. gr.
 - Bundið við gögn sem til verða eða tengjast þeirri opinberu þjónustu (verkefni) sem um ræðir.
 - Lögin taka þó almennt bara til gagna hjá þessum aðilum sem verða til eftir gildistöku nýju laganna – 3. mgr. 35. gr.





Stjórnvöld



Allt

Opinb. (51%) fyrirt.



Allt

Einkaáðilar



Bara stjórnsýsla





Breyting 3

- Upplýsingalögin gilda um aðgang að gögnum í 30 ár. Er þá miðað við síðustu innfærslu eða síðasta bréf afgreidds máls, sbr. 4. og 12. gr.
 - Ef gögn tilheyra ekki „afgreiðslumáli“ þá ber væntanlega að miða við aldur gagnsins sjálfs. Þetta getur átt við ef gagnið tilheyrir skrá, sem ekki er flokkuð miðað við hefðbundna „mála“-hugsun.
- Eftir þetta tímamark gilda lög um Þjóðskjalasafn.






Breyting 3

- Reglur um aðgang að gögnum eftir 30 ára tímamarkið eru nú í lögum um Þjóðskjalasafn.
 - Þjóðskjalasafnslögum var breytt með 36. gr. nýju upplýsingalaganna.
 - Gera má ráð fyrir að þessar reglur (eða svipaðar reglur) verði í nýjum lögum um opinber skjalasöfn.
- Reglur laga um þjóðskjalasafn eru svipaðar upplýsingalögum, en um sumt opnari og matskenndari.







Breyting 4

- Réttur til aðgangs að gögnum er ekki lengur bundinn við „fyrirliggjandi gögn tiltekings máls“ heldur afmarkast hann nú við fyrirliggjandi tiltekin gögn – Sjá 1. mgr. 5. gr. og 15. gr.
 - Þetta þýðir að upplýsingaréttur er ekki lengur bundinn við svonefndar „málaskrár“ heldur getur hann líka tekið til gagna sem aðeins eru vistuð í bókhaldsskrám eða tölvupósthólfum, svo dæmi séu tekin. Núna er allt skjalasafnið undir!





Breyting 5

- Meginregla upplýsingalaga er að veita skuli almenningi aðgang að gögnum sem hann óskar. Frá meginreglunni eru undantekningar, sem settar eru til að vernda hagsmuni einstaklinga, viðskiptahagsmuni, hagsmuni almennings og hins opinbera.
- Þessar takmarkanir falla brott að tilteknum tíma liðnum; en **sá tími styttist í allnokkrum fjölda tilvika skv. nýjum lögum úr 30 árum í 8 ár, sbr. 12. gr.**





Breyting 6

- Í lögnum er kveðið á um skyldu stjórnvalda til að vinna að því – að eigin frumkvæði – að gera upplýsingar aðgengilegar almenningi; 13. gr.
 - Með því að gefa út skýrslur og aðrar **upplýsingar.**
 - Með því að **birta fyrirliggjandi gögn** á netinu.
- Gert er ráð fyrir að forsætisráðherra setji reglugerð til að samræma birtinguna.





Breyting 7

- **Nú er skýr tilvísun til opinberrar birtingar nægjanleg afhending á gögnum**
- **1. mgr. 18. gr.:** „...veita aðgang... nema þau séu þegar aðgengileg almenningi, sbr. 2. mgr. 19. gr....“
- **2. mgr. 19. gr.:** „Þegar beiðni um aðgang að gögnum er afgreidd með vísan til þess að umbeðnar upplýsingar séu þegar aðgengilegar almenningi, og án þess að umbeðin gögn séu afhent, skal tilgreina nákvæmlega hvar og með hvaða hætti upplýsingarnar eru aðgengilegar.“





Breyting 8

- Sérstök heimild er lögfest til þess að veita aðgang að trúnaðargögnum í rannsóknarskyni, sbr. 33. gr.
 - Áfram þarf að afla samþykkis Persónuverndar í ákveðnum tilvikum.
 - Þessi breyting er þýðingarmikil, enda var sambærileg heimild ekki til í lögum. Staðan, að þessu leyti, nú mun skýrari en áður var.





Breyting 9

- Nýju lögin geyma sambærilegar takmarkanir á upplýsingarétti og áður voru lögfestar.
 - Nákvæmari regla um aðgang að upplýsingum um starfsmenn hins opinbera og opinberra fyrirtækja.
 - Nákvæmari regla um aðgang að vinnuskjölum
 - Bætt er við takmörkun upplýsinga sem tengjast undirbúningi sveitarfélaga að samningaviðræðum við ríkið um fjármál.
 - Bætt er við takmörkun varðandi „efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins“.





Breyting 10

- Nákvæmari regla er nú lögfest um skyldu stjórnvalda til að skrá mál, gögn og upplýsingar, sbr. 27. gr.
 - Meginreglurnar um skjalavistun, málaskrárkerfi o.p.u.l. skal Þjóðskjalasafnið setja – sbr. 26. gr.

